

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

12. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2018-2022

Árið 2019, föstudaginn 12. apríl. kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Elín Gylfadóttir í forföllum Guðbjargar Bergmundsdóttur, Steinn Ingi Kjartansson, Samúel Kristjánsson, Karl Guðmundur Kjartansson og Elsa Borgarsdóttir.

Pétur G. Markan, sveitarstjóri, ritaði fundargerð. Þetta er jafnframt hans síðasti fundur sem sveitarstjóri. Ekki gerð athugasemd við það.

Fundur settur klukkan 8:30.

Steinn Ingi Kjartansson bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti leggur fram yfirlýsingu í upphafi fundar.

### Yfirlýsing

Pétur Markan sveitarstjóri lætur af störfum 30 apríl nk. og nýr sveitarstjóri Bragi Þór Thoroddsen tekur við þann 1. maí. Geng ég þá út frá því að starfsamningur við Braga sem er 4. dagskrárliður þessa hreppsnefndarfundar verði samþykktur.

Samhliða þessu hefur Guðbjörg Bergmundsdóttir varaoddviti óskað lausnar frá setu í hreppsnefnd, frá og með næsta fundi vegna búferlaflutnings.

Oddvitaári mínu á að ljúka í júní nk, en m.a. samkvæmt ofanrituðu og breytingu á meirihluta hreppsnefndar sem að lokum hefur kristallast við val á nýjum sveitarstjóra, hef ég ákveðið að láta af störfum sem oddviti Súðavíkurhrepps á næsta fundi hreppsnefndar sem ég boða hér með til sem aukafundar í hreppsnefnd, föstudaginn 3 maí nk., kl. 09.00.

Með tilvísun í 7, 8 og 10 gr. Samþykkt Súðavíkurhrepps verða tvö mál á dagskrá þess fundar:

1. Lausnarbeiðni Guðbjargar Bergmundsdóttur varaoddvita v/búferlaflutnings.
2. Kjör nýs oddvita og varaoddvita.

Ég tel það skipta miklu máli að oddviti og varaoddviti séu kosnir samtímis og með þessu fyrirkomulagi er ég að rýma sviðið og gefa nýjum sveitarstjóra, nýjum oddvita strax á fyrsta degi tækifæri til að samþætta og samhæfa störf sín fyrir sveitarfélagið. Að fenginni reynslu tel ég að gott samstarf sveitarstjóra og oddvita, ásamt hreppsnefnd sé mjög mikilvægt fyrir alla framþróun mála í sveitarfélaginu og ekki síst nú þar sem gríðarstór atvinnu- og byggðamál eru framundan þar sem kalkpörungaverkefnið er og afleidd mál tengd því verkefni.

Súðavík 12. apríl 2019.

Steinn Kjartansson  
oddviti Súðavíkurhrepps

## Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

### Dagskrá:

#### Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Úrsögn úr sveitarstjórn – úrsagnarbréf Samúels Kristjánssonar frá 20. mars lagt fram.
3. Fundargerð Velferðarnefndar frá 10. apríl.
4. Ráðning sveitarstjóra – ráðningarsamningur Braga Thoroddsen.
5. Ráðning sveitarstjóra – rökstuðningur til Kristins H. Gunnarssonar.
6. Beiðni um umsögn vegna umsóknar Háafells ehf. um sjókvíældi í innanverðu Ísafjarðardjúpi
7. Erindi frá Útlendingastofnun – þjónustusamningur vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd.
8. Erindi til sveitarfélaga Íslands frá EFS – eftirlit með fjárfestingum ársins 2019.
9. Styrktarsjóður EBÍ 2019.
10. Uppsögn slökkviliðsstjóra.
11. Samningur um nýtingu á vatnsverndarsvæði Saura II.
12. Erindi frá Raggagarði.
13. Erindi frá byggingar og skipulagsfulltrúa:
  - a) *Aðalskipulag Súðavíkurhepps 2019-2030 –Minnisblað skipulags og byggingarfulltrúa vegna Hvanneyrardalsvirkjunnar.*
  - b) *Yfirferð á umsögnum vegna aðalskipulagsvinnu.*
  - c) *Deiliskipulag á Langeyri.*
  - d) *Blómsturvellir – umsókn um rekstrarleyfi.*
  - e) *Byggingarleyfi á Langeyri – fiskihjallar.*
14. Fundargerð atvinnu og landbúnaðarnefndar frá 11. apríl.

- 
1. Skýrsla sveitarstjóra lögð fram. Skýrslan verður sett inn á sudavik.is
  2. Úrsagnarbréfið lagt fram. Samúel leggur fram aðra bókun sem er svohljóðandi:

Sælir góðir sveitarstjórnar fulltrúar Súðavíkurhrepps.

Nú hafa aðstæður breyttis hjá mér og mun ég halda áfram að gegna minni stöðu sem fulltrúi í Sveitarstjórn Súðavíkur.

Ég tel mig ekki þurfa að rökstyðja það nánar.

3. Fundi velferðarnefndar var frestað til 17. apríl.
4. Ráðningarsamningur Braga Thoroddsen lagður fram af Steini Inga oddvita sem meirihluti fékk til að setja saman.

Steinn Ingi gerir um leið grein fyrir að hann muni sitja hjá við afgreiðslu samningsins með vísan í afgreiðslu sveitarstjórnar við val á nýjum sveitarstjóra á 11. fundi sveitarstjórnar í mars.

Elín Gylfadóttir gerir grein fyrir að hún muni sitja hjá með vísan í afgreiðslu sveitarstjórnar við val á nýjum sveitarstjóra á 11. fundi sveitarstjórnar í mars.

Samningur Braga Thoroddsen lagður fram til samþykktar. Elsa Borgarsdóttir, Karl Guðmundur Kjartansson og Samúel Kristjánsson samþykkja samninginn. Steinn Ingi Kjartansson og Elín Gylfadóttir sitja á.

Bragi Thoroddsen verður næsti sveitarstjóri Súðavíkurbrepps.

Honum er óskað velfarnaðar af allri sveitarstjórn og fráfarandi sveitarstjóra.

5. Kristinn H. Gunnarsson óskaði eftir rökstuðning vegna ráðningar sveitarstjóra í tölvupósti 19. mars.

Rökstuðningur Karls Guðmundar Kjartanssonar, Elsu Borgarsdóttur og Samúels Kristjánssonar vegna ráðningar Kristins H. Gunnarssonar lagður fram.

Rökstuðningur var sendur innan tilskilins frests.

Rökstuðningurinn er sameiginlegur, undirritaður af þremmingunum.

6. Sveitarstjóra falið að vinna umsögn og senda á sveitarstjórn til samþykktar. Samþykkt samhljóða.
7. Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið og bendir á mikilvægi þess að góðar lausnir finnist í málinu. Ekkert húsnæði er í boði í sveitarfélaginu og því verður sveitarstjórn að gefa frá sér tækifærið.
8. Lagt fram til kynningar.
9. Vísað til fræðslu, kynningar, menningar og tómstundarnefndar.
10. Sveitarstjóra falið að ræða við Ísafjarðarbæ varðandi mögulegt samstarf um slökkviliðsstjóra.
11. Sveitarstjórn samþykkir gagnsamning frá eigendum Sauralands II.
12. Umræða um erindið. Sveitarstjórn tekur vel í erindið. Erindinu vísað til fræðslu, menningar, kynningar og upplýsingarnefndar.
13. Jóhann Birkir kemur hér til fundarins og kynnir eftirfarandi mál:
- a) Jóhann Birkir fer yfir minnisblað sem samþykkt var að setja saman á síðasta fundi sveitarstjórnar. Ákveðið að vinna minnisblaðið eftir fund með fulltrúum Vesturverks.

Sveitarstjórn ítrekar fyrri afstöðu af hún er áfram í virkjunarmál á Vestfjörðum og uppbyggingu raforkukerfis.

Sveitarstjórn Súðavíkurbrepps ítrekar eftirfarandi: Súðavíkurbreppur hefur staðið í stafni þeirra sveitarfélaga í Vestfjörðum sem hafa stutt virkjana áform á svæðinu. Hvort sem það eru verkefni í sveitarfélaginu eða í öðrum sveitarfélögum.

Sveitarstjórn Súðavíkurbrepps hefur ekki komið öðrum skilaboðum á framfæri en að hún sé áfram um virkjunaráform í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Súðavíkurbrepps samþykkir að vinna heildarendurskoðun áfram í óbreyttri mynd.

Samþykkt samhljóða.

- b) Jóhann Birkir fer yfir þær umsagnir sem borist hafa vegna heildarendurskoðunar aðalskipulags Súðavíkurbrepps.
- c) Jóhann Birkir kynnir.
- d) Sveitarstjórn samþykkir endurnýjun leyfinu.
- e) Sveitarstjórn samþykkir framkvæmdir á öðrum fiskihjallinum, sem stendur nær sjó, á forsendum þess að lóðin er á skipulagi skilgreind sem iðnaðar og athafnalóð.

**14.** Fundargerðin lögð fram til staðfestingar. Staðfest samhljóða.

Fleira ekki gert.

**Fundi slitið kl. 12:15**

**Elín Gylfadóttir**

**Karl Guðmundur Kjartansson**

**Samúel Kristjánsson**

**Elsa Borgarsdóttir**

**Steinn Ingi Kjartansson  
oddviti**

